



E 12/2019

Fyrirspyrjandi Anders Kronborg (S)
Til Ríkisstjórna Norðurlandanna

Til ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn
um endurnýtingu á t.d. vindmylluvængjum**

Í flokkahópi jafnaðarmanna í Norrænu sjálfbærninefndinni höfum við rætt um vanda varðandi endurnýtingu á t.d. vindmylluvængjum. Fjölgun vindmylla fylgir einnig fjölgun vindmylluvængja sem þarf að losa sig við. Það væri til hagsbóta fyrir umhverfið ef hægt væri að endurnýta þessa vindmylluvængi. Við höfum þegar dæmi um að vindmyllur sem ekki eru lengur í notkun lendi á risastórum urðunarsvæðum.

Þess vegna höfum við áhuga á að fá upplýsingar um til hvaða aðgerða hefur verið gripið varðandi endurnýtingu í tengslum við græna orkugjafa. Sömuleiðis viljum við fá upplýsingar um áherslur norrænu ríkisstjórnanna varðandi það að endurnýta vindmyllur í stað þess að þær dagi uppi á risastórum urðunarsvæðum.

Vitanlega eru einnig dæmi um að vindmylluvængir séu muldir og brenndir eða jafnvel notaðir sem fylliefni í steypu og einangrun. Ég dreg samt í efa að nægileg áhersla sé lögð á að nálgast málið frá sjónarhorni hringrásarhagkerfisins.

Þess vegna langar mig að fá yfirsýn yfir eftirfarandi:

- Er viðurkennt að áskorun felist í endurnýtingu vindmylluvængja? Hvaða reynsla er fyrir hendi varðandi endurnýtingu vindmylluvængja? Hvernig er hægt að tryggja að þeir dagi ekki uppi á risastórum urðunarsvæðum?
- Á hvern hátt greiða norrænu ríkisstjórnirnar fyrir því að efniviður í vindmylluvængjum sé endurnýtanlegur?
- Má koma auga á tækifæri varðandi sköpun starfa og nýrra vinnustaða ef endurvinnslukeðja vindmylluvængja verður útbreiddari?
- Eru fyrir hendi aðrir grænir orkugjafar þar sem þið teljið að leggja ætti meiri áherslu á hringrásarhagkerfið og umhverfislegan ávinning fyrir samfélagið?

Esbjerg, 16. september 2019

Anders Kronborg (S)